



LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Áætlun Lánasjóðs sveitarfélaga 2009 (um útlán, greiðslur og útgáfu skuldabréfa)

Áætluð útgáfa skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga árið 2009 til fjármögnunar nýrra útlána er 16 – 24 milljarðar króna.

Lánasjóður sveitarfélaga áætlar að ný útlán sjóðsins verði á bilinu 16 – 24 milljarðar króna á árinu 2009, sem er nokkur lækkun frá áætlunum ársins 2008.

Útboð skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga

| Áætlun 2009 | 1.H | 2.H | Alls 2009 |
|-------------------|--------|--------|-----------|
| Útgáfa | 8 - 12 | 8 - 12 | 16 - 24 |
| Afborganir lána | 4 - 5 | 1 - 2 | 5 - 7 |
| Afborganir útlána | 4 - 5 | 3 - 4 | 7 - 9 |

Tölur eru í milljörðum ISK.

Lánasjóður sveitarfélaga áætlar að greiða lánadrottnum sínum á bilinu 5 - 7 milljarða króna árið 2009. Lánasjóðurinn áætlar að afborganir sveitarfélaga af lánum til lánasjóðsins verði á bilinu 7 - 9 milljarðar króna árið 2009.

Lánasjóður sveitarfélaga lánar eingöngu það fé sem hann hefur fengið að láni, því veltur áætlun um útlán alfarið á því hvernig gengur að afla lánsfjár á árinu. Þrátt fyrir að mörg sveitarfélög hafi enn ekki samþykkt fjárhagsáætlanir fyrir 2009 þykir okkur ljóst er að töluverð ásókn verður í lánsfé frá sjóðnum og augljóslega ekki útséð með hvort sjóðurinn nær að afla fjár til að mæta öllum þeim óskum.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á markaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Lánasjóður sveitarfélaga endurskoðar áætlanir sínar hálfárslega og oftár ef þörf krefur.